

Sá sem vanskilum veldur, greiðir allan kostnað af lokun og endurofnun, samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

17. gr.

Refsiákvæði.

Verði uppvíst að varmi hafi verið notaður á annan hátt en um er samið, raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingu þannig, að ekki komi fram öll notkun, skal hitaveitan áætla þann varma sem notaður hefir verið óleyfilega og skal notandi greiða fyrir hann eftir gjaldskrá þann tíma sem liðinn er frá síðasta aflestri, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun, má miða við hámarksrennsli það, er runnið getur til kerfisins um hemil.

Við endurtekið brot, skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til þess að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefir gerst.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Staðfesting og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Kjalarneshrepps þann 29. september 1981, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 29. júní 1984.

Sverrir Hermannsson.

Páll Flygenring.

4. júlí 1984

AUGLÝSING

Nr. 325

**um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi
Reykjavíkurborgar.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 7. júní 1984 staðfest breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur að því er varðar landnotkun og nýtingarhlutföll á spildunni vestan Snorrabrautar, norðan Hverfisgötu, austan Ingólfsstrætis og sunnan Skúlagötu með þeim fyrirvara að gengið verði frá deiliskipulagi þessa svæðis samkvæmt 17. og 18. gr. skipulagslaga áður en einstakar byggingar verði leyfðar.

Framangreind breyting sem hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 5. september 1963 og Skipulagsstjórn ríkisins 29. febrúar 1984 með fyrirvara um staðfestingu deiliskipulags af spildunni. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 280 frá 12. júní 1984.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júlí 1984.

F. h r.

Hallgrímur Dalberg

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.